

Alþingi
Erindi nr. P 139/2245
komudagur 5.5.2011



4. maí 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Erindi: Frumvarp til laga um menningarminjar þskj. 1153 - umsögn

Eftirfarandi eru athugasemdir Húsafríðunarnefndar vegna frumvarps til laga um menningarminjar, þskj. 1153. Megintilgangur þessara athugasemda er að tryggja verði að framgangur minjavörslunnar á Íslandi verði sem skilvirkastur og öll stjórnsýsla sem skýrust.

1. Með hliðsjón af verkaskiptingu milli Þjóðminjasafns Íslands og Minjastofnunar Íslands er eðlilegra er að sá sem fer með þau verkefni sem Minjastofnun Íslands er ætlað að sinna beri embættisheitið *þjóðminjavörður* en sá sem fer með forstöðu safnsins beri embættisheitið safnstjóri eða forstöðumaður þjóðminjasafnsins. Fyrir því eru nokkrar mikilsverðar röksemdir:

a. Með setningu laga um verndun fornmenja árið 1907 var embætti fornmenjavarðar stofnað. Þar segir að jafnframt starfi sínu sem fornmenjavörður fari hann með stjórn Forngripasafnsins. Árið 1911 er svo Þjóðminjasafn Íslands stofnað og embættisheitinu breytt í þjóðminjavörður. Hefðin er sú að líta á þann sem fer með stjórn „útminja“, þ.e. fornleifa og byggingararfs, sem fornmenja- eða þjóðminjavörð.

b. Þessi skilningur er í takt við það hvernig málum er háttað á Norðurlöndum, en þar fer *riksantikvar* (í Noregi og Svíþjóð) með það hlutverk sem Minjavörslunni er ætlað að rækja. Kemur það ekki á óvart enda byggðu íslensku lögín á norrænum lögum.

c. Skynsamlegt er að halda í þetta gamla embættisheiti, enda orðið vel þekkt „vörumerki“. Með því að kalla forstöðumann Minjastofnunar Íslands *þjóðminjavörð* fengi hin nýja stofnun mikla meðgjöf strax í upphafi því allir vita hvað þjóðminjavörður stendur fyrir. Ljóst væri að Minjastofnun Íslands er systurstofnun Ríksantikvaren í Noregi og Svíþjóð.

d. Fagheitið *minjavörður* er notað í núgildandi lögum og fara þeir með fornleifavörslu og eru starfsmenn Fornleifaverndar, nema borgarminjavörður sem er bæði minjavörður og safnstjóri Ábæjarsafns. Um starfsmenn safna er venjan að nota fagheitið *safnvörður*. Minjaverðir verða með hinum nýju lögum starfsmenn Minjastofnunar Íslands. Eðlilegt væri að þjóðminjavörður væri yfirmaður landshlutaminjavarða.

e. Með því að hafa embættisheitið *þjóðminjavörður* á röngum stað er hættu á ruglingi og að menn misskilji hlutverk hans. Slíkur misskilningur hefur verið landlægur frá setningu laganna árið 2001 og valdið ágreiningi milli forstöðumanna Þjóðminjasafns Íslands og Fornleifaverndar Íslands. Mikilvægt er að breyta þessu og fullyrða má að það sé nauðsynlegt til að hlutverkaskipting stofnananna verði skýr.

2. Lagt er til að aldursviðmið í skilgreiningum á fornleifum og húsum verði samræmt. Í 3. gr. er fornleifar skilgreindar sem mannvistarleifar sem eru frá árinu 1900 eða eldri. Í 29. gr. eru hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri skilgreind sem friðuð. Það liggur í hlutarins eðli að mörk milli hrörlegs mannvirkis og mannvistarleifa geta verið óljós. Æskilegt er að sama aldursviðmið verði valið fyrir hvort tveggja.

3. Lagt er til að liðum a. og b. í 11. gr. frumvarpsins um hlutverk Minjastofnunar verði breytt á eftirfarandi máta:

a. ***stuðlar að varðveislu byggingararfsins og metur hvaða hús og mannvirki er rétt að friða hverju sinni.***

b. ***hafa eftirlit með fornleifum og vinna að stefnumörkun um verndun þeirra.***

Inn í upptalninguna bætist jafnframt eftirfarandi liður:

c. ***Minjastofnun Íslands fer með forræði þeirra húsa og annarra mannvirkja í eigu íslenska ríkisins sem stjórnvöld hafa ákveðið að skuli varðveitt vegna menningarsögulegs gildis.***

Forræði húsasafns Þjóðminjasafns Íslands flyst þar með til Minjastofnunar Íslands í samræmi við verkaskiptingu stofnananna.

4. Í fyrstu drögum að frumvarpi um nýja skipan minjavörslunnar á Íslandi var gert ráð fyrir að nýrri stofnun, Minjastofnun Íslands, yrði skipt í fagsvið. Þetta er talið lykilatríði varðandi alla faglega vinnu sem stofnunni er ætlað að inna af hendi skv. ákvæðum frumvarpsins. Þessi grein hefur verið felld út úr fyrirbyggjandi frumvarpi. Það er mjög mikilvægt við alla vinnu í fyrirlhugaðri stofnun, að henni verði skipt í fagsvið og er lagt til að þessi grein verði aftur sett inn í fyrirbyggjandi frumvarp, í III.kafli (13.gr.) og hljóði svo:

Ráðherra kveður á í reglugerð um skiptingu stofnunarinnar í fagsvið að fenginni tillögu forstöðumanns. Sviðsstjórar skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu á viðkomandi fagsviði.

5. Í þjóðminjalögum hefur verið kveðið á um friðaðar fornleifar annars vegar og friðlýstar fornleifar hins vegar. Nú hafa þessar skilgreiningar verið teknar upp í fyrirliggjandi frumvarpi um hús, að því er sagt er, til samræmis. Varðveisla byggingararfsins er með allt öðrum hætti en fornleifa og er það talið til óþurftar að skipta verndun/friðun húsa upp með þessum hætti, bæði þar sem það gefur tilefni til fjölbreyttrar túlkunar og hætta er á að það muni auka andstöðu eigenda við friðunartillögur. Lagt er til að í fyrirliggjandi frumvarp komi orðið **friðun** alls staðar í stað orðsins **friðlýsing**, þar sem fjallað er um byggingararfinn.

6. Í 31. gr. frumvarpsins segir: „Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki **án vitundar** Minjastofnunar Íslands, þarna þarf að standa **án samþykkis**. Í sömu grein er kveðið á um það að hlíti eigandi ekki skilyrðum Minjastofnunar að verk skuli unnið á tiltekinn annan hátt en eigandi ætlar, skuli hann fá greiddan aukakostnað sem leiðir af fyrirmælum stofnunarinnar. Í 53. gr. er jafnframt kveðið á um kröfur um skaðabætur vegna framkvæmda á ákvæðum V.-VIII kafla laganna. Þessi ákvæði eru fyrir í gildandi lögum um húsafriðun, en ekki hefur reynt á framfylgd þeirra svo nokkru nemi. Verði fyrirliggjandi frumvarp samþykkt á Alþingi mun fjöldi friðaðra húsa tífaldast og má vænta þess að ágreiningur um friðun og aðferðir við viðhald og endurbætur húsa aukist til muna og þar með kröfur um greiddan aukakostnað eða skaðabætur. Lagt er til að þessi ákvæði verði endurskoðuð. Í stað setningarinnar: **Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem leiðir af fyrirmælum stofnunarinnar, sbr. 31.gr. 2. mgr., er lagt til að komi:**

Sæki eigandi um styrk úr Húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar, skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa.


Lagt er til að ákvæði 53. gr. um skaðabætur verði skoðað gaumgæfilega með tilliti til þess hvort þörf sé á því og það að öðrum kosti verði fellt út úr frumvarpinu.

7. Í 34 grein er fjallað um hvað gera skuli þegar eigandi friðlýsts húss sækir um niðurfellingu friðlýsingar. Þar þarf að reikna með þeim möguleika að umsókn hans sé hafnað. Lagt er til að niðurlag greinarinnar verði: ... ***senda umsóknina með tillögum sínum um hvort umsókninni sé hafnað, hún samþykkt eða að öðrum kosti skilgreina að nýju til hvaða þátta friðlýsing nær.***

8. Í gildandi lögum um húsafriðun er kveðið skýrt á um skyldur byggingarfulltrúa er varðar eftirlit með því að ákvæðum 6. gr. sé fullnægt. Þetta ákvæði hefur eflt samráð milli húsafriðunarnefndar og byggingarfulltrúa vítt og breytt um landið. Lagt er til að eftirfarandi setningu verði bætt inn í 30. gr.:

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir álit Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Hjörleifur Stefánsson



Nikulás Úlfar Mássón

